



Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Selfoss, 13.10.2023
UST202301-241/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13. júní 2023 - Fjarðabyggð, Þernunes

Þann 13. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar, Þernunesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik er varðar sigmælingar og uppsetningu mælipunkta fyrir slíkar mælingar. Úrbótaáætlunin var samþykkt af Umhverfisstofnun þann 14. febrúar 2023, áætlað að henni sé lokið þann 1. maí 2025 með skilum á fyrstu niðurstöðum skráninga.

Tvær ábendingar eru settar fram í eftirlitinu er varða:

- Niðurstöður vöktunarmælinga innra eftirlits skulu vera vel skilgreindar og merktar með tilliti til staðsetninga og mælipátta sem við eiga í hverju tilfelli og skýr fyrir eftirlitsaðila til að lesa úr.
- Rekstraraðili ber ábyrgð á skilum á skráningum sem þurfa að koma fram í skýrslugjöf til rekstraraðila, og þá einnig að öllum þáttum sé skilað á réttum tíma.

Tvö frávik komu fram er varða:

- Frávik frá grein 1.2 í starfsleyfi: Samkvæmt ársyfirliti rekstraraðila voru urðuð 3780,93 tonn í Þernunesi árið 2022. Heimild starfsleyfis miðast við hámark 3000 tonn á ári og var því urðað umfram heimildar leyfisins.
- Frávik frá grein 4.4 í starfsleyfi: Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ekki var öllum skráningum skilað innan tilskilins tíma. Upp á vantaði niðurstöður vöktunarmælinga. Var þeim skilað 17 júlí og telst því **frávikinu lokið**.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. október 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur